

## Fyrirspurn

**til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um rekstur og gjöld  
á bílastæðum Isavia á innanlandsflugvöllum.**

Frá Ingibjörgu Isaksen.

1. Hverjar voru heildartekjur af innheimtu bílastæðagjalda á innanlandsflugvöllum árið 2024 og hvernig skiptast þær milli langtíma- og skammtímastæða?
2. Hver er áætlun um tekjur af innheimtu bílastæðagjalda á innanlandsflugvöllum næstu þrjú ár?
3. Renna tekjur af bílastæðagjöldunum til viðhalds og uppbyggingar að öllu leyti eða renna þær með einhverjum hætti inn í almennan rekstur Isavia?
4. Hver var stofnkostnaður við fjárfestingu í búnaði og uppsetningu hans á bílastæðunum?
5. Hver var kostnaður við rekstur bílastæða, sundurliðað eftir mismunandi kostnaðarliðum, svo sem snjómokstri, launagjöldum og viðhaldi, árið 2024, og hverjar eru áætlanir fyrir árin 2025–2027?
6. Hve margir voru ranglega rukkaðir um bílastæðagjöld árið 2024 vegna þess að búnaður mat ekki rétt komu og brottför bifreiðar? Óskað er eftir upplýsingum um fjölda tilvika og hvernig tekið hefur verið á málum.
7. Hafa borist kærur vegna mögulegrar ólögmætrar innheimtu bílastæðagjalda? Óskað er eftir upplýsingum um fjölda kæra og kvartana og niðurstöður þeirra ef einhverjar liggja fyrir. Jafnframt er óskað eftir upplýsingum um þau úrræði sem þeim standa til boða sem telja sig hafa verið ranglega rukkaða.

Svar við öllum töluliðum óskast sundurliðað eftir flugvöllum.

**Skriflegt svar óskast.**

---